



2012-2013

FÍLA – Ársskýrsla

Félag íslenskra
landslagsarkitekta





ÁRSSKÝRSLA FÍLA 2012-2013

lögð fram á 35 aðalfundi félags íslenskra landslagsarkitekta 19. apríl 2013.

Hannesarholti, Grundarstíg 10, 101 Reykjavík
kl. 17:00 – 20:00

Stjórn FÍLA

*Inga Rut Gylfadóttir, formaður
Sif Hjaltdal Pálsdóttir, ritari
Sigríður Brynjólfsdóttir, gjaldkeri
Þórhildur Þórhallsdóttir, meðstjórnandi
Elíza Guðný Tómasdóttir, meðstjórnandi*



Dagskrá fundarins:

- Ársskýrsla stjórnar
- Skýrslur nefnda og IFLA fulltrúa
- Kynning á nýjum félögum
- Lagðir fram skoðaðir reikningar
- Ársgjöld félaga
- Lagabreytingar
- Kosning stjórnar
- Kosning félagskjörinna reikningsskoðenda
- Kosning í nefndir
- Kosning IFLA fulltrúa og formanns laganefndar
- Önnur mál

Ársskýrsla þessi verður aðgengileg á heimasíðu félagsins í kjölfar aðalfundar.





FÉLAGIÐ – STARFSEMIN - YFIRLIT

Aðalfundur er æðsta vald í öllum málefnum félagsins.

Stjórn og verkaskipting

Stjórn 2011-2012:

Inga Rut Gylfadóttir, formaður
Björn Jóhannsson, ritari
Sigríður Brynjólfsdóttir, gjaldkeri
Hermann Georg Gunnlaugsson, meðstjórnandi
Þórhildur Þórhallsdóttir, meðstjórnandi

Stjórn 2012-2013:

Inga Rut Gylfadóttir, formaður
Sif Hjaltdal Pálsdóttir, ritari
Sigríður Brynjólfsdóttir, gjaldkeri
Elízabet Guðný Tómasdóttir, meðstjórnandi
Þórhildur Þórhallsdóttir, meðstjórnandi

Fastanefndir – hlutverk og markmið

(kallað var eftir skýrslum nefnda – þær sem bárust eru í viðauka)

Dagskrárnefnd:

Skipuleggja og sjá um faglegt innra starf félagsins. Setja upp dagskrá fyrir starfsárið og útvega gestafyrirlesara inn á félagsfundum.

Nefndina skipa:

Lilja Kristín Ólafsdóttir, formaður
Heiða Hrund Jack
Matthildur Sigurjónsdóttir

Fagnefnd:

Annast tengslamál innan félagsins og utan og kynnir stöðu þess og störf landslagsarkitekta. Samskipti við EFLA í samstarfi við IFLA/EFLA fulltrúa FÍLA sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Fagnefnd fer með umboð félagsins í samkeppnum á vegum þess.

Nefndina skipa:

Þórhildur Þórhallsdóttir formaður
Auður Sveinsdóttir

Laganefnd:

Fjallar um breytingar á lögum FÍLA auk þess að fjalla um lagaleg erindi sem berast FÍLA og varðar lög og reglugerðir frá Alþingi og stofnunum samfélagsins.

Nefndina skipa:

Elízabet Guðný Tómasdóttir, formaður
Margrét Sigurðardóttir
Ólafur Melsted

**Menntanefnd:**

fer með menntamál landslagsarkitektastéttarinnar, umsjón með inntöku nýrra félaga í FÍLA. Heldur tengsl við helstu menntastofnanir sem mennta landslagsarkitekta.

Nefndina skipa:

Kristín Þorleifsdóttir,
Gísli Gíslason
Björk Guðmundsdóttir

Nefndir um afmörkuð málefni.**Siðanefnd.**

Fer með siðferðileg álitamál sem upp koma. Sker úr um ágreining samkvæmt ákvæðum siðareglna félagsins.

Starfsárið 2012 – 2013 skipuðu nefndina:

Þórólfur Jónsson, formaður
Guðmundur Rafn Sigurðsson
Helga Aðalgeirsdóttir
Sigurbjörg Áskelsdóttir

Orðanefnd.

Safnar og setur í orðabanka fagorð á sviði landslagsarkitektúrs, er tengiliður FÍLA við Íslenska málstöð og Orðabók Háskólans.

Starfsárið 2012 – 2013 skipuðu nefndina:

Yngvi Þór Loftsson, formaður
Auður Sveinsdóttir
Samson B. Harðarson

Skoðendur reikninga FÍLA.

Samkvæmt lögum félagsins.

Skoðendur starfsárið 2012 – 2013

Finnur Kristinsson
Þórólfur Jónsson

Vinnuhópar / verkefnastjórnun:**HönnunarMars 2013**

Verkefnisstjóri FÍLA fyrir HönnunarMars í samvinnu við Hönnunarmiðstöð

Tilnefnd starfsárið 2012-2013

Björk Guðmundsdóttir

Í Hönnunarmarsnefndinni:

Heiða Aðalsteinsdóttir
Svava Þorleifsdóttir



Netumsjón.

Uppfærsla og umsjón með heimasíðu og fésbókarsíðu FÍLA

Umsjón starfsárið 2012-2013:

Sigríður Brynjólfsdóttir

Evrópski landslagssáttmálinn (ELC)

*Tengiliður félagsins við stjórnvöld og opinberar stofnanir vegna kynningar á sáttmálanum.
Starfar náið með formanni FÍLA*

Tilnefndur starfsárið 2012-2013:

Einar E. Sæmundsson

Auður Sveinsdóttir

Garðsöguhópur

Vinnur að því að skapa grundvöll til rannsókna á sögu garðsins á Íslandi, heimildasöfnun og leit að fjármunum til að rita hana.

Tilnefndir starfsárið 2012-2013

Einar E. Sæmundsen

Samson B. Harðarson

Ásta Camilla Gylfadóttir

Þórhildur Þórhallsdóttir

Fulltrúar í ritstjórnnum.

Ritstjórn Arkitektúr – tímarit um umhverfishönnun.

Fulltrúar starfsárið 2012-2013:

Kristín Þorleifsdóttir

Lilja Filippusdóttir

Sveinn Rúnar Traustason

Ritstjórn Landskap

Fulltrúi starfsárið 2012-2013:

Ulla R. Pedersen

Fulltrúar í FÍLA í stjórnnum utan félags

IFLA - Fulltrúi

Fíla hefur frá upphafi tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi landslagsarkitektafélaganna..

Fulltrúi FÍLA er Þórhildur Þórhallsdóttir og er hún

tengiliður félagsins við Alþjóðasamtök landslagsarkitekta

Fulltrúi FÍLA í Hönnunarmiðstöðinni

Hönnunarmiðstöð Íslands var sett á laggirnar 15. Janúar 2008. Hönnunarmiðstöð er sameiginlega í eigu hönnunarfélaganna á landinu. Mikil gróska hefur verið í starfsseminni



frá stofnun þess. Fulltrúi FÍLA er Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir sem hefur séð um tengsl félagsins við Hönnunarmiðstöðina.

Sveinsprófsnefnd í skráðgarðyrkju við starfsmenntunarbrot LBHÍ

Hefur umsjón með undirbúningi og fyrirkomurlagi sveinsprófa.

Tilnefndur starfsárið 2012-2013

Eiður Páll Birgisson.

Græni geirinn

Græni geirinn er sameiginlegur vettvangur félaga og hagsmunaaðila sem tengjast á einhvern hátt garðyrkjugeiranum. Fulltrúi FÍLA í stjórn Græna geirans er Elísabet Guðný Tómasdóttir.





Starfsemin - yfirlit

Stjórn félagsins hefur unnið að fjölmörgum áhugaverðum málefnum og átt gott samstarf við fjölda félagsmanna, nefnda innan félagsins og hópa utan félagsins. Hér verður stiklað á því helsta sem fram fór á starfsárinu.

Stefnumótunarvinna

Vinna við stefnumótun félagsins hófst haustið 2011 að frumkvæði stjórnar í samstarfi við Harald Á. Hjaltason og félagsmenn FÍLA. Stefnumótuninni er ætlað að vera rammi fyrir starfsemi félagsins og áherslur starfseminnar á komandi árum. Við vinnuna var stuðst við Siðareglur og lög félagsins.

Drög að stefnumótun félagsins var kynnt á félagsfundum 1. Mars 2011 og var hún gefin út formlega og samþykkt af stjórn félagsins í nóvember 2012. Stjórn félagsins leggur áherslu á að félagið muni í framhaldinu vinna á markvissan hátt að þeim markmiðum sem skilgreind hafa verið í skýrslunni.

Gildi félagsins voru valin:

- sérþekking
- fagmennska
- sköpunarkraftur
- umhverfisvitund

Samkeppnisreglur

Ákveðið var og samþykkt á síðastliðnum aðalfundi að farið yrði í að koma á samkeppnisreglum FÍLA. Þetta var ákveðið í kjölfar samkeppni sem félagið hélt á síðsta starfsári um Umhverfi Norræna hússins. Stjórnin sá mikla möguleika í að koma á okkar eigin samkeppnisreglum og varð það ofan á. Sjá nánar í skýrslu fagnefndar.

Fréttabréf

Formaður félagsins sendi út tvö fréttabréf á rafrænu formi á félagsmenn. Eitt á haustönn og eitt á vorönn. Þetta var gert til að halda félagsmönnum betur upplýstum um starf stjórnar.

Réttindamál

Farið var markvisst í það að minna félagsmenn á að sækja um löggildingu starfsheitis en nokkur fjöldi félagsmanna hafði ekki sótt um þessa löggildingu. Þetta var aðallega gert vegna þess að núgildandi lög félagsins krefja nýja félagsmenn um þessa löggildingu og til að mega nota skammstöfunina FÍLA.

Styrkja fjárhaginn

Hingað til hefur félagið ávallt verið eingöngu rekið af félagsgjöldum og hefur sýnt ráðdeild í einu og öllu, að utanumhald sé skilvirkt, rekjanlegt og gagnsætt. Þetta var stefnan fyrir starfsárið ásamt því að reyna að auka tekjumöguleika þess. Þetta hefur tekist með mjög góðum árangri með öflugum félagsmönnum sem vinna með stjórninni í hinum ýmsu nefndum. Þar ber fyrst að nefna Hönnunarmarsnefndina okkar sem fór í spennandi verkefni með tilkomu heimasíðunnar X-Land. Þar sem félagsmenn höfðu kost á að kynna sín verkefni og senda þau inná heimasíðuna, sjá nánar skýrslu Hönnunarmarsnefndar. Þarna skapaðist



tækifæri fyrir FÍLA að fá tekjur inn, sem tókst með eindæmum vel. Vonandi mun þessi tekjulind að einhverju leiti halda áfram þar sem síðan mun lifa góðu lífi áfram og þróast enn frekar.

Í öðru lagi höfum við núþegar hafið notkun á samkeppnisreglunum okkar. Okkur bauðst einstakt tækifæri þegar okkur var boðið að hálfu Reykjavíkurborgar að halda utan um hugmyndasamkeppni um Öskjuhlíðina. Þetta var kærkomið eftir alla þá vinnu sem unnin hafði verið og saxa á þann stofnkostnað sem var töluverður. Til dæmis var fenginn löggildur þýðanda til að yfirfæra evrópsku landslagsarkitektareglurnar á íslensku, sjá nánar skýrslu fagnefndar. Við náðum að standa undir þeim stofnkostnaði að einhverju leiti vegna framlaga frá teiknistofunum og svo núna endanlega frá Reykjavíkurborg.

Einnig hefur markvisst verið farið í að leita styrkja og samstarfsaðila vegna Norræns stjórnarfundar og ráðstefnu sem mun vera haldin hér á landi í 5.-7. Júní n.k.

Norræn stjórnarfundur og ráðstefna

Norræn stjórnarfundur landslagsarkitekta og ráðstefna mun vera haldin á vegum FÍLA í byrjun júní. Stjórn FÍLA fékk þau Kristínu Þorleifsdóttur, Svein Rúnar Traustason og Úllu Rolf Pedersen að skipa nefnd sem sæi um skipulag ráðstefnunnar. Formaður Inga Rut Gylfadóttir hefur einnig setið fundi nefndarinnar og verið í skipulagi. Þar hefur verið markvisst verið unnið út frá því að fá styrki og samstarfsaðila með okkur í lið til að halda kostnaði í lágmarki fyrir félagsmenn. Þar ber helst að nefna Ícelandair, Ferðamálastofu og Norræna húsið eins og staðan er núna.

Samstarf við önnur fagfélög

Stjórnir AÍ og FÍLA hafa hafið formlegar viðræður um hugsanlegt samstarf og jafnvel sameiningu félaganna. Þessar viðræður hófust eftir að ljóst var bæði á síðast aðalfundi og stefnumótunarstarfi að mikill vilji er meðal félaganna að skoða málið. Það er samróma álit stjórnna félaganna að þau gætu orðið sterkari í samstarfi. Skoða þarf allar hliðar á hugsanlegu samstarfi/ sameiningu og fara í vinnuna af yfirvegun. Skoða þarf vel og fá ráðgjöf frá þeim félögum hérlendis og erlendis, sem hafa farið í gegnum sömu hluti. Í þessum viðræðum eru tveir aðilar frá AÍ þeir Hallmar Sigurðsson og Logi Már Einarsson og frá FÍLA eru það formaðurinn Inga Rut Gylfadóttir og Auður Sveinsdóttir.


Nú þegar er mjög gott samstarf milli félaganna bæði varðandi fagblaðið ARKITEKTÚR og á öðrum sviðum.

Samstarf FÍLA og AÍ

Einn liður í samstarfi FÍLA og AÍ var sameiginleg haustferð til Vestmannaeyja í lok ágúst 2012. Fjölskyldum var einnig boðið með og mættu 5 félagar frá FÍLA ásamt góðu úrvali af fjölskyldumeðlimum, alls um 15 manns en um 50 manns mættu frá AÍ. Hér er lítil ferðasaga úr þeirri ferð.



Sigt var frá Landeyjahöfn um hádegi og tók á móti okkur Sigurður Smári Benónýsson skipulags- og byggingarfulltrúi. Skoðunarferðin byrjaði í rigningu og logni á Vigtartorginu þar sem Dagný Bjarnadóttir, landslagsarkitekt, sagði frá verkefninu sem því tengist. Gönguferðin hélt áleiðis, í rigningu og blankalogni, á Skansinn þar sem Pétur Jónsson, landslagsarkitekt, fræddi okkur um uppbyggingu svæðisins. Þá tók við Arnar Sigurmundsson, formaður Framkvæmda- og hafnarráðs, sem sagði frá sögu Skansins og í framhaldinu gekk hann með hópinn um miðbæinn. Arnar er mikill áhugamaður um gömlu byggðina og var áhugavert að hlusta á hans fróðleik. Eftir ljúffengt kaffi og meðlæti sem boðið var upp á í Ráðhúsi Vestmannaeyja var frjáls tími sem félagsmenn og fjölskyldur nýttu á mismunandi hátt. Allir sameinuðust síðar á Hótel Vestmannaeyjar um kvöldmatarleiðið og gæddu sér á gómsætri fiskisúpu og dreyptu á léttvíni með. Ferjan Herjólfur flutti okkur svo aftur í Landeyjarhöfn eftir skemmtilega dagsferð með skemmtilegu fólki.



Einnig hefur skapast óformlegt samkomulag um samvinnu í samkeppnum hvað varðandi dómnefndaraðila. Þar er ávallt reynt eins og frekast er unnt að hafa dómnefndarfulltrúa frá báðum fagfélögum.



Dómnefndarstörf

Það er stefna stjórnar, eins og mögulegt er, að auglýsa meðal félagsmanna ef óskað er eftir dómnefndarfulltrúum. Misjafnt er hvort einhverjir hafa sýnt því áhuga.

Fulltrúar sem valdir hafa verið frá FÍLA:

Stöng í Þjórsárdal

Gullfoss

Öskjuhlíðarsamkeppni

Áningastaðir í Þjóðskógum

Geysir

Auður Sveinsdóttir

Inga Rut Gylfadóttir

Berglind Guðmundsdóttir

Ragnar Frank

Ulla Rolf Pedersen

Skipulagsverðlaun Skipulagsfræðingafélagsins: Inga Rut Gylfadóttir
Styrkveitingar Ferðamálastofu Ragnar Frank

Fagráð Hönnunarmiðstöðvar

Mikið og öflugt starf er unnið í Hönnunarmiðstöð og oft kemur upp sú staða að fá fólk í ráðgjöf, umræðuhópa og faghópa varðandi ýmis afmörkuð málefni. Hönnunarmiðstöðin fór þess á leit að félögin skipuðu aðila sem væri hægt að húa í við þesskonar tilefni.

Fulltrúar sem sitja fyrir hönd FÍLA:

Kristín Þorleifsdóttir

Þráinn Hauksson

Þórhildur Þórhallsdóttir

Erlent samstarf

Það er mikill hugur í mönnum í erlendu samstarfi bæði innan Norrænu félaganna og IFLA. Hér á landi mun verða haldin Norrænn stjórnarfundur og ráðstefna 5-7. Júní n.k. og hefur núþegar þessi viðburður verið auglýstur. Nefndin hefur alfarið séð um skipulagningu og ráðstefnufyrirtækið Congress Reykjavík mun sjá um að halda utan um skráningar.

Nýir félagsmenn

Þrír félagsmenn gengu í félagið á starfsárinu og bjóðum við þau hjartanlega velkomin.

Hrafnhildur D. Hrafnkelsdóttir

Kt.1811774709

Hafnarfirði

Útskrifuð: Sveriges Lantbruksuniversitet 02.05.2011

Jón Árni Bjarnason

Kt. 3008795009

Danmörk

Útskrifaður: Københavns Universitet 28.08.2012



Arnar Birgir Ólafsson
Kt.0706725299
Akureyri

Löggilding

Til viðbótar við nýja félagsmenn fengu þrír löggildingu:





Félagsmenn:

Félagsmenn í félaginu voru á starfsárinu samtals: 82

Skipting:

A-gjald er fullt félagsgjald félagismaður	60
B-gjald er 80% af fullu félagsgjaldi og um félagismaður það geta sótt félagar sem eru búsettir í lengra en 100 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.	0
C-gjald er 50% af fullu félagsgjaldi. Um það geta sótt: félagsmenn <ul style="list-style-type: none">- félagar sem eru búsettir erlendis.- nýir félagar fyrstu þrjú árin eftir útskrift.- félagar sem vegna sérstakra aðstæðna, sem stjórn telur gildar, hafa þörf fyrir lækkun árgjalds.	15
D-gjald er 10% af fullu félagsgjaldi og er fyrir námsmenn. félagsmenn	5
Heiðursfélagar og félagar 65 ára og eldri , er hafa verið a.m.k. félagsmenn 10 ár í félaginu, eru undanþegnir félagsgjaldi.	2



Viðaukar

Viðauki 1: Skýrslur einstakra nefnda starfsárið 2012 - 2013





Skýrsla dagskránefndar

Á aðalfundi FÍLA 2012 voru skipaðar í Dagskrárnefnd fyrir starfsár 2012 – 2013, Lilja Kristín Ólafsdóttir (formaður), Matthildur Sigurjónsdóttir og Heiða Hrund Jack.

Lilja fór á fund með stjórn FÍLA í maí 2012 til að fá upplýsingar um störf dagskrárnefndar.

Í byrjun september var Heiða skipaður formaður nefndarinnar.

Þann 26. september fór Heiða á fund stjórnar FÍLA og greinir frá hugmyndum Dagskrárnefndar fyrir veturinn 2012 – 2013.

Dagskrá vetrarins var undirbúin af dagskrárnefnd í samvinnu við stjórn FÍLA. Línur voru lagðar í september en dagskráin tók breytingum eftir því sem á veturinn leið og var aðlöguð öðru starfi og uppákomum.

Fóru Heiða og Lilja einnig á fundi með stjórn FÍLA í janúar. Auk þess var nefndin í síma- og tölvupóstsamskiptum við formann félagsins sem og aðra stjórnarmeðlimi.

Dagskrárnefndin hittist nokkrum sinnum á kaffihúsafundum og var einnig í síma- og tölvupóstsamskiptum.

Laugardagur, 25. ágúst 2012. Haustferð Arkitektafélags Íslands.

Aí sá um skipulagningu á dagsferð Aí til Vestmannaeyja. Félögum FÍLA var boðið með. Skoðaðar voru sögufrægar byggingar og kynning á hönnun á Skansinum.

Þriðjudagur, 16. október 2012. Hádegisverðarfundur.

Dagskrárnefnd sá um skipulagningu á fundinum sem var haldinn á Slippbarnum, Icelandair Hotel Marina, Mýargötu. Hófst hann kl 12. Kynnti Hönnunarmarsnefnd FÍLA áætlanir sýnar um opnun vefsíðunnar xland.is, þar sem landslagsarkitektar geta komið verkum sínum á framfæri á vettvangi netsins.

Þá gekk Freyr Frostason aðalhönnuður Hotel Marina, með okkur um hótelið og fræddi okkur um hönnun hússins að innan sem og utan.

Mættu um 15 manns.

Fimmtudagur, 6. des 2012. Jólafundur.

Dagskrárnefnd sá um skipulagningu á fundinum sem var haldin í Hönnunarmiðstöðinni, Vonarstræti.

Þar hélt Björn Axelsson, landslagsarkitekt og skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, fyrirlesturinn „Skipulag vistvænna hverfa – Borg fyrir fólk“. Miklar umræður sköpuðust um málefnið sem er mjög áhugavert.

Karl Benediktsson, prófessor í landfræði, hélt erindið „Búsetulandslag íslenskra sveita: samræða dýra og manna“. Gaman var að fá heimspekilegan vinkil á samskiptum manns og lands og sköpuðust skemmtilegar umræður út frá fyrirlestrinum.

Um tónlistaratriði kvöldsins sáu viðstaddir félagar FÍLA með því að syngja saman tvö jólalög undir stjórn Dagnýjar Bjarnadóttur. Gæddu félagsmenn sér svo á veitingum og drykkjum og spjallað var saman fram eftir kvöldi.

Mættu hátt í 30 manns.



Priðjudagur, 22. janúar 2013. Almennur félagsfundur.

Stjórn FÍLA ásamt Dagskrárnefnd sá um skipulagningu á fundinum sem var haldin í Hönnunarmiðstöðinni, Vonarstræti.

Einar Sæmundsen kynnti aðdraganda og aðkomu FÍLA að tilurð aðildar Íslands að sáttmálanum. Einnig fluttu Yngvi Þór Loftsson og Hrafnkell Proppé úrdrætti úr erindum sem flutt voru á ráðstefnu um sáttmálan 2012, sem haldin var á Selfossi. Auður Sveinsdóttir opnaði svo umræðu eftir framsögu.

Alls mættu 11 manns.

Í júní er fyrirhuguð **ráðstefna félaga landslagsarkitekta á Norðurlöndum**. Stjórn FÍLA mun sjá um skipulagningu.

Áætlað var að hafa almennan félagsfund í febrúar þar sem ráðgert var að Oddur Hermannsson myndi fjalla um þá þætti er varða landslagsarkitekta í nýrri byggingareglugerð. Þá átti að fara í stuttu máli yfir hvern kafla fyrir sig og stuttar umræður teknar eftir hvern kafla. Oddur ætlaði einnig að fjalla um aðkomu FÍLA við vinnslu reglugerðarinnar. Þessi fundur átti að vera til þess fallinn að ræða reynslu síðustu ára og til að ræða möguleikar félagsmanna FÍLA til að hafa áhrif á reglugerðir framtíðarinnar sem og önnur réttindamál. Því miður þurfti Oddur að afboðað komu sína en býðst hann þó til að halda fyrirlestur um sama málefni í haust.

Eftir afboðun Odds, var leitast við að fá Sindra Birgisson, nemandi í skipulagsfræðum við LBHÍ, til að kynna verk sem hann vann undir leiðsögn Helenu Guttormsdóttur, Hrafnkels Proppé og Írisar Reynisdóttur. Verkefnið heitir: „*Ströndin og skógurinn: Útivistarnotkun og sóknarfæri*” og var tilnefnt til nýsköpunarverðlauna Forseta Íslands. Vegna breytingar á dagsetningu fyrirhugaðrar afhendingu nýsköpunarverðlaunanna var sú kynning einnig afboðuð. Hefur Helena þó líst yfir vilja til að kynna verkefnið þegar tími gefst til.

Þar sem febrúarfundur féll niður leggur nefndin til að haldin verði fundur í maí. Nú þegar hefur verið talað við Einar Á. E. Sæmundsen um að halda myndasýningu og fyrirlestur um ferð sína um Þjóðgarða í Bandaríkjunum. Þó er ekki búið að skipuleggja fundinn frekar og látum við verðandi dagskrárnefnd um það verk.

Dagskrárnefnd vill koma á framfæri að reglur og starfslýsingar varðandi störf nefndarinnar er ábótavant. Leggur hún fram tillögur að því sem þarf að koma fram í slíkum skjölum (sjá viðauka). Telur nefndin slíkar reglur og starfslýsingar vera forsendur faglegrar vinnu Dagskrárnefndar og vonast til að næsta nefnd fái slíkt við upphaf starfs síns. Einnig gerir nefndin tillögur að öðrum gögnum sem mundu gagnast Dagskrárnefndum komandi ára (sjá viðauka).

Fyrir hönd Dagskrárnefndar 2012 – 2013,

Heiða Hrund Jack

Lilja Kristín Ólafsdóttir

Matthildur Sigurjónsdóttir



Ársskýrsla FAGNEFNÐAR FÍLA fyrir starfsárið 2012-2013

Á aðalfundi félagsins í apríl 2012 var samþykkt að samkeppnisreglur IFLA yrðu þýddar og staðfærðar svo FÍLA gæti notað þær sem samkeppnisreglur félagsins. Fagnefndinni var falið það hlutverk að staðfæra samkeppnisreglurnar þegar þær kæmu úr þýðingu. Fagnefndin var einungis skipuð tveimur aðilum, Auði Sveinsdóttur og Þórhildi Þórhallsdóttir. Þar sem búist var við að töluverð vinna færi í að staðfæra og laga samkeppnisreglur IFLA að íslenskum aðstæðum, bauðst Björn Axelsson til að starfa tímabundið með nefndinni sem hann og gerði þar til 1. desember 2012.

Strax í lok maí 2012 komu reglurnar úr þýðingu löggilts þýðanda og hafist var handa við að staðfæra reglurnar. Upphaflegu reglurnar eru í allt 60 blaðsíður, þar sem 19 blaðsíður eru reglurnar sjálfar og svo koma ýmsir kaflar til leiðbeiningar um notkun og framkvæmd. Tekin var ákvörðun um að einbeita sér að sjálfum samkeppnisreglunum og vinna við að staðfæra þær hófst. Fundað var reglulega fram að vetrarbyrjun og málunum velt fram og tilbaka. Fljótlega varð ljóst að ýmis atriði í samkeppnisreglum IFLA áttu ekki nægilega vel við það starfsumhverfi sem er hér á Íslandi og við þyrftum að horfa einnig til gildandi samkeppnisreglna í nágrennalöndum okkar. Einnig þótti nefndinni IFLA reglurnar tyrfnar og full ýtarlegar á köflum. Eftir að hafa lesið í gegnum samkeppnisreglur norska félagsins (NLA) var tekin sú ákvörðun að staðfæring á IFLA reglunum yrði gerð með hliðsjón af þeim þar sem þær þóttu einfaldar, auðlæsilegar og henta okkar starfsumhverfi að mörgu leyti. Sótt var um leyfi hjá NLA til að hafa þeirra reglur til hliðsjónar og var það auðfengið. Kunnum við NLA miklar þakkir fyrir.

Mesta vinnan fór fram í desember og janúar og voru ýmsir aðilar kallaðir til til að gefa álit og lesa yfir. Inga Rut Gylfadóttir starfandi formaður FÍLA kom einna mest að vinnunni á þessum tímamarki, en einnig las stjórn og laganevnd félagsins yfir reglurnar á ýmsum tímamarkum ásamt Hlín Sverrisdóttur fyrrverandi formanni. Um miðjan janúar var tekin sú ákvörðun í samráði við stjórn að fá lögfræðinga til að lesa yfir reglurnar og benda okkur á lögfræðileg atriði sem mætti betur fara. Leitað var m.a. til LOGOS lögfræðinga sem brugðust hratt og vel við.

Þann 31. janúar 2013 var fyrsta útgáfa af samkeppnisreglum FÍLA tilbúin og samþykkt af stjórn og laganevnd félagsins. Sú útgáfa gildir fyrir yfirstandandi samkeppni sem Reykjavíkurborg heldur í samvinnu við FÍLA um Öskjuhlíð.

Fyrir aðalfund félagsins voru unnar nokkrar breytingar á 1. útgáfu samkeppnisreglnanna, sum atriði þurfti að skýra betur og öðrum þurfti að breyta. Þessi 2. útgáfa af samkeppnisreglum FÍLA liggur til grundvallar samþykkis aðalfundar og var hún send til félagsmanna til yfirlestrar 7. apríl 2013.

Að útbúa nýjar samkeppnisreglur fyrir félagið hefur tekið mikinn tíma margra aðila, enda eðli málsins þannig að liggja þarf yfir öllum atriðum og velta þeim á allar hliðar. Það eru þó eflaust mörg atriði sem má bæta og breyta eftir því sem reynsla kemst á samkeppnisreglurnar.

F. h. Fagnefndar FÍLA
Þórhildur Þórhallsdóttir



Laganefnd FÍLA

Skýrsla fyrir starfsárið 2012-2013 vegna aðalfundar 19. apríl 2012

Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um breytingar á lögum FÍLA auk þess að fjalla um lagaleg erindi sem berast FÍLA og varðar lög og reglugerðir frá Alþingi og öðrum stofnunum samfélagsins. Nefndina fyrir starfsárið 2012-2013 skipuðu Elízabet Guðný Tómasdóttir formaður, Margrét Sigurðardóttir og Ólafur Melsted.

Allnokkrir fundir voru haldnir á starfsárinu. Laganefnd vann tillögu að breytingum á lögum félagsins, sem teknar verða fyrir á aðalfundi félagsins þann 19 apríl næstkomandi.

Meðal annars er lagt til að formaður laganefndar víki úr stjórn en inn komi með sérstakri kosningu fulltrúi félagsins í Hönnunarmiðstöð, og að fagnefnd fari með umboð FÍLA í samkeppnum á vegum þess.

Laganefnd kom að mótun nýrra samkeppnisreglna félagsins en hitan og þungan af því starfi bar fagnefnd félagsins.

Í janúar 2013 kom til umsagnar frumvarp til laga um náttúruvernd (heildarlög), 429. frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Engar athugasemdir voru gerðar við það.

Engin önnur formleg lagaerindi bárust nefndinni til umfjöllunar eða umsagnar.

Reykjavík, 17 apríl 2013

Elízabet Guðný Tómasdóttir
formaður laganefndar FÍLA





Skýrsla Menntanefndar FÍLA 2013

Menntanefnd FÍLA hélt 2 formlega fundi á árinu og nokkra símafundi. Aðal verkefni nefndarinnar á starfsárinu var fara yfir umsóknir um heimild til að nota starfsheitið landslagsarkitekt. Nefndin er stjórn félagsins til til ráðuneytis um leyfisveitingu og inntöku nýrra félaga og metur hvort umsækjandi uppfylli menntunarkröfur, í samræmi við lög félagsins.

Menntanefnd fjallaði um umsóknir 5 aðila á starfsárinu sem fengu allir jákvæða umsögn nefndarinnar, en þeir eru þessir:

- Arnar Birgir Ólafsson
- Kristbjörg Traustadóttir
- Jón Stefánsson
- Jón Árni Bjarnason
- Hulda Sæland

Tekið saman 10. apríl 2013,

Björk Guðmundsdóttir
Kristín Þorleifsdóttir
Gísli Gíslason





SKÝRSLA SIÐANEFNDAR 2012-2013

Engin mál bárust til siðanefndar.

Fyrir hönd siðanefndar


Þórólfur Jónsson





SKÝRSLA ORÐANEFNDAR FÍLA á aðalfundi, 19. apríl 2013

Orðanefnd Fíla skipa þau Auður Sveinsdóttir, Samson Bjarnar Harðarson og Yngvi Þór Loftsson. Í stuttu máli þá hefur starfsemi orðanefndar legið í láginni á síðasta starfsári. Hér með er lofað bótum og betrum. Til að lengja skýrsluna minni ég hér með á orðsafn okkar sem er inn á fila.is með þessu viðmóti:



Velkomin(n) Yngvi Þór Loftsson (Útskrá)

- Siðan mín
- Félagatal
- Spjallrásin
- Orðasafn**
- Orðasafn
- Bréfsefni
- Skjalasafn

a á b c d e é f g h i j k l m n o ó p r s t u ú v y ý þ æ ö

GRÆNN VEFUR
grænt belti /græna netið
grænir geirar
grænir rammar
græn stakstæð opin svæði
Grenndarkynning
Grenndarvelliir
Gullin snið

Fh. Orðanefndar
Yngvi Þór Loftsson formaður





Skýrsla vinnuhóps vegna Hönnunarmars 2011-2012

Vinnuhópur FILA vegna Hönnunarmars 2012 veturinn 2011-2012 var skipaður þeim Björk Guðmundsdóttur sem var verkefnisstjóri, ásamt Svövu Þorleifsdóttur og Heiðu Aðalsteinsdóttur. Hönnunarmarsin var haldinn 22-24.mars 2012.

Helstu verkefni vinnuhóps á liðnu ári voru:

- **Málþing FILA 2012.** Fila stóð fyrir málþing í samstarfi við Norrænahúsið undir yfirskriftinni ”Í hvernig borgum og bæjum vilum við búa í ?”. Verkefnisstjóri sat undirbúningsfundir verkefnastjóra hönnunarmars hjá Hönnunarmiðstöðinni og voru það um 8 fundir. Verkefnisstjóri undirbjó ásamt formanni FILA málþing sem var í Norrænahúsinu 24.mars, verðlaunafhendingu og opnun á sýningu á samkeppninni kringum Vatnsmýrina í samvinnu við Norræna húsið. Formaður FILA og verkefnisstjóri undirbyggðu einnig fyrirkomulag að samkeppninni í samvinnu við Norræna húsið og sátu allmarga fundi vegna þess, ásamt óteljandi samskiptum í tölvupóstum.
- **Samkeppni í Vatnsmýrinni 2012** „Dýrðin dýrðin; Vatnsmýrin í framtíðinni Dirrindí“: Í upphafi sátu Inga Rut Gylfadóttir og Björk Guðmundsdóttir í dómnefnd, þar sem sumir töldu það ágalla að tveir aðilar frá sömu teiknistofu sætu í nefndinni, vék Björk. Í stað Bjarkar tók Björn Axelsson sæti, og trúnaðarmaður var Guðmundur Rafn Sigurðsson. Var þetta í fyrsta skipti sem FILA fékk greitt fyrir að halda utan um samkeppni.
- **Plakat vegna málþings FILA:** Var unnið af Svövu Þorleifsdóttur í samvinnu við vinnuhóp og þótti það takast vel til.
- **Uppsetning sýningar:** Heiða Aðalsteinsdóttir var fulltrúi FILA varðandi uppsetningu í Norræna húsinu og tókst vel til.
- **Undirbúningsfundir vegna þáttöku FILA 2013:** Tveir fundir voru haldnir vegna næsta verkefnis FILA í Hönnunarmars 2013 og undirbúnings vegna þeirrar vinnu, ásamt óteljandi tölvupóstum um fyrirkomulag verkefnis.

fyrir hönd vinnuhóps
Björk Guðmundsdóttir



ELC stutt skýrsla um starf fulltrúa FÍLA til aðalfundar 2013.

Samstarfshópur um Norræna ráðstefnu um Evrópska landslagssamninginn og framhald eftir að samningur var undirritaður.

Daganna 7-8 júní sl. var haldi málþing um LANDSLAG á Hótel Selfossi á vegum Skipulagsstofnunar og annarra skipulagsyfirvalda Norðurlandanna með styrk frá Norrænu ráðherranefndinni.

Málþingið þótti takast mjög vel og var mikill fróðleikur fram borinn. Umhverfisráðherra ávarpaði málþingsgesti og tilkynnti m.a. að stefnt væri að Ísland undirriti Evrópska landslagssáttmálans 28. júní n.k. Einnig hélt fulltrúi frá Evrópuráðinu erindi um sáttmálann og rösklega 10 ára reynslu af honum.

Megin gildi sáttmálans eru hugtaka skýringar varðandi nýtingu þessarar mikilvægu auðlindar sem landslagið er. Með gildistöku sáttmálans viðurkennir landið mikilvægi landslags og skuldbindur sig til að kynna og fræða um hugtök og hvernig halið skuli á málum í meginatriðum; skipulag- umhirða, verndun, stjórnun
Sáttmálinn segir að „Landslag“ merkir svæði sem fólk sér og fengið hefur ásýnd og einkenni vegna samspils náttúrulegra og/eða mannlegra þátta.

Á málþinginu voru haldin 24 erindi frá fulltrúum allra Norðurlandana um landslagsmál. Fyrri daginn var áhersla lögð á skráningu landslags í skipulagsvinnu en síðari daginn var fjallað um orkumannvirki og landslag s.s. línur, orkunýtingu og vindorku sem veldur miklu álagi á ásýnd landslags víðast hvar á Norðurlöndunum.

Hrafnkell Proppé og Auður Sveinsdóttir frá LBHÍ voru með erindi um „Hversdagslandslagið,“ „Everyday landscapes - forces of changes in recent and upcoming years.“
Yngvi Þór hélt erindi fyrri daginn um „Landscape in planning project in Iceland“ þar sem landgreining var forsenda skipulags í svæðisskipulagi Miðhálandisins, aðalskipulagi Krýsuvíkur og deiliskipulagi Heiðmerkur. Landmótun kynnti veggspjaldi um landgreiningu deiliskipulags fyrir Úlfarsárdalinn í Reykjavík.

Einar Sæm sat í undirbúningshópi hönd FÍLA - sem hefur verið að störfum í tæplega tvö ár. Á heimasíðu skipulagsstofnunar www.skipulag.is má sjá frekari upplýsingar um dagskrá og allar glærur frá fyrirlestrunum. Eftir áramót kom út skýrsla eftir Landslagsmálþingið á Selfossi og má skoða hana á heimasíðu Skipulagsstofnunar undir flípanum um ELC sem er á forsiðu þeirra.

Í haust héldu þau Einar og Auður til Noregs og sátu afmælisráðstefnu til heiður Magna Bruun áttæðum sem fjallaði um ELC – í fortíð, nútíð og í framtíð.

Í janúarlök var haldinn félagsfundur í FÍLA um evrópska landslagssamninginn þar sem kynnt var tilurð hans og m.a. voru erindi sem landslagsarkitektar voru með á ráðstefnunni á Selfossi kynnt.



Á fundinum á Selfossi kom fram áhugi á að halda áfram að þróa umræðu um LANDSLAG. Það voru fulltrúar Háskóla Íslands (Karl Benediktsson prófessor) og Landbúnaðarháskóla Íslands (Auður Sveinsdóttir dósent) ásamt fulltrúa FÍLA sem ákváðu að halda áfram að ræða málið.

Héldu þau EES, AS og KB undirbúningsfund á Háskólatorgi 28.feb.2013. Ákváðu að kalla saman nokkra aðila úr fræðasamfélaginu á fund í vikunni eftir páska til þess að ræða spurningar sem ELC samningurinn kalla fram. Víkka út hringinn og kalla til 10-20 manns í viðbót í opnunarspjall. Fá aðila úr ólíkum greinum fræðasamfélagsins til að kryfja texta samningsins um skilgreiningu á hugtakinu landslag og í framhaldi til hvers og hvernig unnið er með samninginn í framhaldinu.

Sá fundur var haldinn þann 8.apríl 2013 í Öskju. Á hann mættu 6 aðilar (10 voru boðaðir) auk fundarboðenda. Áslaug Helgadóttir prófessor LBHÍ (jarðrækt) Hrafnkell Á. Proppé skipulagsfræðingur hjá SSH, Guðbjörg Guðmundsdóttir landslagsarkitekt hjá skipulagsskrifstofur uppsveita Árnessýslu, Birna Lárusdóttir, fornleifafræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands, Edward Huijbens, forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála og Edda Ruth Hlín Waage, doktorsnemi í landfræði. Lögð var áherlsa á að þetta væri fyrst og fremst óformlegt spjall og byrjunarþreifingar á hvernig hægt væri að virkja þennan samning við íslenskar aðstæður.

Hópurinn kynnti sig og var óskað eftir því að hann reyndi að svara eftirfarandi spurningum

Hvernig sérðu Evrópska landslagssamninginn gagnast þér/þinni grein - í því sem þú vinnur við. Hvert er þitt svið?

Hvaða þætti væri rétt að leggja á herslu á í upphafi?

Hvað telur þú vera íslenskar áherslur frá þínum sjónarhóli.?

Varð góð umræða og allir sammála um að halda sig við frekari fundarhöld ekki síst að leitast við að dýpka umræðuna um landslag og er stefnt að því að vera með „vinnustofur“ næsta vetur sem tæku fyrir hugtök í samningnum og úrvinnslu samningsins við íslenskar aðstæður. Haldin til skiptis í HÍ og LBHÍ (Keldnaholti). Næstu skref fyrir vorið er að festa umræðuefnið og kynna það frekar.

AS, KB og EES munu sjá áfram um stýringu en óskað var eftir því við fulltrúa á fundinum að þeir kæmu líka með innskot inn í umræðuna.

FÍLA hópurinn vegna EELC eru aðallega EES og AS sem hefur komið að málinu sem fulltrúi skólans. Við sjáum fyrir okkur að fleiri sinni kalli næsta vetur og verði virkir í að móta málið.

EES tók saman 08.04.2013



Skýrsla Garðsöguhóps FÍLA fyrir aðalfund 19.04.2013.

Garðsöguhópur FÍLA hefur verið til allengi en lítið farið fyrir honum. Í hópnum hafa Einar og Samson aðallega fengið næði til þess að þróa kennslufni vegna kennslu í áfanga í Sögu og þróun á LBHÍ. Í haust varð sú breyting á að endurvakinn var sá siður að kalla saman fleiri til þess að ræða mál garðsögunnar og skiptast á skoðunum. Haldnir hafa verið tveir fundir, haustfundur og vetrarfundur.

Það sem vekur hjá manni gleði er að garðsagan er að verða viðfangsefni fleiri og fleiri. Það er álit okkar að kennslan í garðsögu á umhverfisskipulagsbrautinni á Hvanneyri sl. 12 ár og í Garðyrkjuskólanum á Reykjum sl. Áratugi hafi snert við nemendum. Við, sem höfum kennt efnið, höfum getað kynnt efnið fyrir nýjum aðilum sem verða fyrir vikið fróðari um garðsöguna, vitneskjan hefur því verið að fara víðar en áður. Við höfum líka á síðustu árum orðið vitni að því að elstu garðar okkar sem varðveist hafa, hafa verið að fylla 100 árin og eru því nú að komast á lista yfir fornminjar. Það er t.d. verkefni sem blasir við garðsöguhóp FÍLA að ræða við minjayfirvöld um gamla garða og hvernig staðið verður að verndun þeirra samkvæmt nýjum minjalögum. Það verður því ekki annað sagt en að það sé töluverður gróandi í garðsögumálum þessar mánuðina.

„Konur gerðu garðinn“ Á síðasta sumri kom út bókin „Konur gerðu garðinn – Saga Lystigarðs Akureyrar 1912-2012“ á 100 ára afmæli garðsins. Bók sem Ásta Camilla Gylfadóttir skrifaði í tilefni afmælis garðsins og 150 ára afmælis Akureyrarbæjar. Glæsileg bók um einn af okkar fallegustu gömlu görðum með mikla sögu.

Garðurinn Skrúður hlýtur í maí nk. „International Carlo Scarpa Prize for Gardens“ 2013. Um mánaðamótin júní - júlí sl. sumar hafði Fondazione Benetton Studi Ricerche samband við þrjá landslagsarkitekta, þá Reyni Vilhjálmsson og Þráinn Hauksson hjá Landslagi og Einar E. Sæmundsen hjá Landmótun til að leita upplýsinga um garðmenningu á Íslandi. Eins og nafn stofnunarinnar bendir til þá tengist hún ítalska alþjóðafyrirtækinu Benetton en stofnunin er með höfuðstöðvar í Treviso sem er um 30 km frá Feneyjum. Stofnunin er rekin sem sjálfstætt menningar- og fræðslusetur á ýmsum sviðum. Meðal annars samanstendur hópurinn sem kemur að verðlaunum Carlo Scarpa fyrir garða af sérfræðingum og prófessorum í arkitektúr, byggingarlistasögu og garðsögu frá Ítalíu, Frakklandi, Spáni og víðar að. Dómnefndin og ráðgjafar hennar komu til Íslands í lok ágúst og skipulögðu Einar, Reynir og Þráinn 10 daga ferð um Ísland með það að markmiði að kynna sögufrægum görðum. Á heimasíðu stofnunarinnar www.fbsr.it kemur fram að markmið með viðurkenningunni sé að vekja athygli á mikilvægi manngerðs umhverfis “að auka vitund og aðgerðir við umhirðu og viðhald lifandi menningarlandslags”.

Af þessu tilefni, veitingu Carlo Scarpa verðlaunanna, verður haldinn fundur og ráðstefna í Treviso dagana 10-11. maí þar sem Einar, Reynir og Þráinn eiga að halda erindi á ráðstefnunni. Í tilefni af verðlaununum hefur bókin um Skrúð, sem gefin var út hérlendis árið 2002, verið þýdd á ensku og ítölsku ásamt grein eftir Einar og Samson sem birt var í Landskab árið 2004 ásamt fleiri greinum. Opnuð verður sýning þessu tengt sem mun standa fram á sumar.



XLAND. Vefur Fíla, www.XLAND.is, fór í loftið á Hönnunarmars 15.mars sl. Samson og Einar tóku saman efni um 7 svæði sem finna má á vefnum undir hlekknum saga. Vefurinn er gott tól til þess að koma fróðleik um garðsöguna á framfæri. Það sem nú er komið er aðeins byrjunin.

Ýmsar aðrar útgáfur um garðsögu.

Kennsluhefti . Einar og Samson luku við að yfirfara og endurútgefa kennsluheftið í garðsögu í tveimur hlutum í febrúar sl. Þetta er 5. útgáfa heftisins og er nú orðinn samfelldur texti en var í upphafi ljósritað greinasafn.

Almenningsgarðar. Bragi Bergsson sagnfræðingur lauk við Ma-ritgerð um almenningsgarða s.l. haust og hefur boðið ljósrit til sölu fyrir þá sem áhuga hafa. Þar hefur hann safnað saman upplýsingum um tilurð 35 almenningsgarða í 500 bls. riti og er mikill fengur í gögnum hans en hann hefur safnað saman upplýsingum tilurð almenningsgarða á tuttugustu öld, allt til ársins 1994.

Bragi var nemandi Samsonar og Einars á Lbhí og lauk þaðan námi árið 2007 og komst þá í kynni við garðsöguna. Greinilegt er að í HÍ er nokkur vakning fyrir garðyrkjutengdri sögu, m.a. eru nýkomin út bæði Ma- og Ba-ritgerðir sem tengjast garðyrkju á 18. öldinni.

Hellisgerði í Hafnarfirði. Haft hefur verið samband við Einar og Samson um að koma að sýningu í Hafnarhúsinu um Hellisgerði í Hafnarfirði, haldinn var fundur með sýningarstjóra um aðkomu. Einnig var bent á unga nýútskrifaða landslagsarkitekta til þess að koma að verkinu.

Alþingisgarðurinn. Einar er að undirbúa kynningarhefti fyrir skrifstofu Alþingis um Alþingisgarðinn. Verkefnið er á byrjunarstigi en mun byggja á efni í grein Einars frá árinu 1995.

Fyrir hönd garðsöguhópsins

Einar, Samson, Ásta Camilla og Þórhildur.





Ritnefnd

Eins og undanfarin ár hefur Félag íslenskra landslagsarkitekta í samstarfi við Arkitektafélag Íslands staðið að útgáfu fagtímaritsins *Arkitektúr – tímarit um umhverfishönnun*. Á síðastliðnu ári skipuðu ritnefndina þau; Kristín Þorleifsdóttir og Lilja Filippusdóttir fyrir hönd FÍLA og Bjarki Gunnar Halldórsson (ritstjóri), Anna María Bogadóttir og Harpa Heimisdóttir fyrir hönd AÍ.

Nýtt tölublað leit dagsins ljós í september síðastliðnum. Anders Møller Nilsen, arkitekt FAÍ og Borghildur Sölvey Sturludóttir, arkitekt FAÍ, sáu um uppsetningu blaðsins. Prófarkalestur var í höndum Hildar Arnar Gunnarsdóttur og auglýsingaöflun í höndum Augljós miðlun ehf. Blaðið var eins og síðastliðin ár prentað á umhverfisvottaðan pappír í prentsmiðjunni Odda.

Margt áhugavert og umdeilt bar á góma í síðasta tölublaði. Má þar nefna skemmtilega og gagnrýna grein um Hörpu eftir Hildigunni Sverrisdóttur, arkitekt FAÍ. Garðar Snæbjörnsson, arkitekt FAÍ, fjallaði um hinn athyglisverða Brunareit og Kvosina og varpaði þar fram áhugaverðum en gagnrýnum spurningum um „gamalt“ og „nýtt“. Dansk arkitektinn Stig Lennart Andersson MAA/MDL hugleiddi nútíð og framtíð hafnarsvæða Reykjavíkurborgar en gerði auk þess ítarlega grein fyrir iðnaðarsvæðum sem leggjast af og mikilvægi þeirra í þróun borgarlífs. Að auki voru fjölmargar aðrar áhugaverðar greinar.

Ritnefnd vill koma á framfæri stolti sínu og þakklæti til greinarhöfunda blaðsins en einnig annarra sem komu að því, m.a. að uppsetningu og prófarkalestri. Frá því að félögin fóru sjálf að gefa blaðið út hefur átt sér stað góður stígandi í gæðum greina, ári til árs, en einnig hefur allt verklag í kringum blaðið orðið skilvirkara og faglegra. Að sjálfsögðu er alltaf hægt að finna atriði þar sem hægt er að gera betur. Engu að síður teljum við að tekist hafi að móta góðan grunn, varðandi verklag útgáfunnar, til að gera gott blað betra.

Framtíðarhorfur – verkefni framundan

- Mikilvægt er að halda áfram að efla skrif um arkitektúr. Í því samhengi stefnir ritnefnd á að halda námskeið í skapandi skrifum fyrir félagsmenn á árinu 2013.
- Æskilegt væri að tímaritið kæmi oftar út en einu sinni á ári og er mikilvægt að ritnefnd ásamt stjórnnum félaganna þrói farveg þar sem slíkt er mögulegt en vel er hægt að byggja á þeim grunni sem nú þegar hefur verið mótaður.
- Mikilvægt er að hlúa vel að dreifingu og umræðugrundvelli blaðsins svo hægt verði að koma skilaboðum landslagsarkitekta og arkitekta til nærsamfélagsins. Í því samhengi þurfa að eiga sér stað skilvirk samskipti ritnefndar við stjórnir félaganna en einnig annarra nefnda innan félagsins. Þannig yrði m.a. hægt að kynna blaðið í tengslum við mismunandi viðburði sem eiga sér stað og mögulega tengja efnistösk blaðsins við málþing o.þ.h. sem eru í farvatninu hverju sinni.
- Til að búa til gott blað verða félagsmenn að leggja hönd á plóg við að styrkja okkar innri umræðuvettvang, þ.e. þróun faglegrar og uppbyggilegrar gagnrýni.



Mikilvægt er að hemja stóryrtar athugasemdir á netmiðlum en þess í stað hittast og ræða málin á yfirvegaðan hátt. Félagsmenn gætu meðal annars myndað leshópa, teiknað saman eða einfaldlega hist til að ræða verk og hugmyndir hvors annars. Gott dæmi um frumkvæði félagsmanna til samræðu er kvikmyndaklúbburinn Úrbanikka sem starfræktur var síðastliðinn vetur.

Með þessu móti verður vafalaust hægt að búa til blað sem styrkir fagvitund okkar um leið og það sendir út jákvæða, róttæka og ferska orku út í íslenskt samfélag.

Kristín Þorleifsdóttir og Lilja Filippusdóttir





Ársskýrsla IFLA fulltrúa fyrir starfsárið 2012-2013

Aðalfundur EFLA var haldinn í St. Pétursborg í júní 2012. Aðalumræðuefni fundarins var stjórnkerfi IFLA og hvernig evrópsku félögin sjá samtökin þróast, en töluverð ónægja hefur verið með IFLA innan Evrópu undanfarin ár. Niðurstaðan var sú að endurskoða þurfi uppbyggingu IFLA og starfsemi og hlutverk hinna fjögurra deilda. Í því samhengi voru teknar tvær ákvarðanir. Önnur var sú að EFLA mun lækka þá upphæð sem evrópsku félögin hafa verið að borga í starfsemi IFLA, en EFLA hefur borið um 70% af þeim kostnaði. Þessi ákvörðun mun setja þrýsting á IFLA og aðrar deildir um að endurskoða starfsemina, m.a. hvernig fjármögnunin á að fara fram. Til að undirstrika vilja Evrópudeildarinnar um að vera áfram innan IFLA var um leið tekin ákvörðun um taka skrefið til fulls um sameiningu EFLA og IFLA og breyta nafni EFLA í IFLA-Europe. Þessar tvær stóru ákvarðanir voru samþykktar einróma á aðalfundinum.

Á aðalfundinum í Rússlandi var einnig kynnt starfsemi vinnuhóps sem vinnur að viðurkenningu fagsins innan Evrópusambandsins. Þjóðverjar leiða þennan vinnuhóp og hafa lagt mikla vinnu af mörkum í nokkur ár. Nú sér fyrir endann á því ferli þegar Evrópuþingið mun fljótlega kjósa um endurnýjaða skrá starfgreina (Professional Qualification Directive eða PQD) sem gildir í sambandinu.

Í lok aðalfundarins var svo umsókn ungverska félagsins, HALA, um fulla aðild samþykkt.

Næsti aðalfundur IFLA-Europe verður í Berlín í september 2013.

Aðalfundur IFLA var haldinn í S-Afríku í september 2012. Þar var samþykkt, að frumkvæði IFLA-Europe og sérstaklega norrænu félaganna, að búin yrði til vinnuhópur sem fengi það starf að koma með tillögur um breytta uppbyggingu og stjórnun IFLA, fjármögnun og stefnumótun/framtíðarsýn. Þessi vinnuhópur hefur starfað ötullega í vetur og kynnti tillögur sínar á aðalfundi IFLA á Nýja Sjálandi í byrjun apríl 2013. Ef þessar tillögur ganga í gegn er um að ræða mestu breytingar á starfsemi IFLA síðan 1948. Tillögurnar ganga út á að IFLA verði sem vörumerki fyrir landslagsarkitektúr út um allan heim. Evrópudeild IFLA hefur verið langöflugust, en nú verða gerða auknar kröfur á hinar deildirnar sérstaklega hvað varðar eigin stefnumótun og að þær verði sjálfbærari en í dag. Einnig verður opnað fyrir að fleiri hópar geti starfað innan IFLA með sameiginlegan grunn á öðrum sviðum en landfræðilegum. Þannig getur IFLA þróast í áttina að verða meira sem „Global forum“ eða „online community“ þar sem stærsti hluti allra samskipta fer fram á netinu í dag og staðsetning ekki eins afgerandi þáttur og áður.

Norrænt samstarf hefur verið í fullum gangi allt árið. Fundað var í St. Pétursborg í júní og í Helsinki í október þar sem fulltrúi og formaður FÍLA tóku þátt í fundinum á skype.

Á árinu var ákveðið búa til vinnuhóp um sameiginlegt norrænt tímarit sem myndi taka við af Landskab. DL tekur ábyrgð á verkefninu og fyrsti fundurinn var haldinn í Danmörku í vetur. Fulltrúi FÍLA í þessum vinnuhópi er Ulla R. Pedersen.

DL var með hugmyndir um að norrænu félögin sameinuðust í að gefa út bók – Nordisk New Agenda með norrænum landslagsarkitektúr. Ekki var nægilegur áhugi fyrir því svo Danmörk hélt áfram með það verkefni sjálft.

Stefnt er á að norrænu félögin sameinist um tilnefningu til IFLA Sir Geoffrey Jellicoe Award á næsta ári og munu félögin koma með tillögur á næsta norræna fundi sem haldinn verður hér á Íslandi í byrjun júní.

IFLA- Fulltrúi FÍLA, Þórhildur Þórhallsdóttir



Viðaukar

Viðauki 2: Tillögur einstakra nefnda starfsárið 2012 - 2013





Dagskránefnd:

Punktur um hvað þarf að hafa í starfslýsingu Dagskrárefndar:

- Skýrt hlutverk Dagskrárefndar, t.d. nánari skýring á því hvað er „faglegt innra starf“ félagsins.
- Skýrar verklagsreglur nefndarinnar, t.d. hvenær á að auglýsa félagsfundi og hvenær á að ýtreka auglýsingu, hvað þarf að koma fram í auglýsingum (t.d. merki FÍLA) o.fl.
- Skilgreint hlutverk formanns og annara meðlima Dagskrárefndar.

Önnur skjöl sem gott væri að færa Dagskrárefnd í upphafi starfsárs.

- Skýrslur síðustu ára.
- Netföng og símanúmer fyrrum Dagskrárefndarmeðlima.
- Netföng og símanúmer Stjórnarmeðlima.
- Upplýsingar um tölvupóstfang nefndarinnar.
- Upplýsingar um fjárhæðir sem nefndin hefur til umráða fyrir komandi starfsár.
- Sniðmát fyrir tillögur að fundarhöldum þar sem hægt er að fylla inn í upplýsingar varðandi dagsetningar, málefni fundarins, fundarstaði, tímasetningar, veitingar o.fl.
- Sniðmát lokaskýrslu Dagskrárefndar þar sem fram koma fundir, keyptar veitingar, fjöldi manns á fundi, kostnaður vegna fyrirlesara o.fl.

Hugmyndir sem fráfarandi nefnd leggja til fyrir komandi starfsár:

- Einar Á. E Sæmundsen og Sveinn Rúnar Traustason sýna myndir og segja okkur frá ferðalögum sínum um Bandaríska þjóðgarða.
- Dagný hjá DLD segiru okkur frá verkefnum sumarsins 2013.
- Bragi Bergson flytur erindi um mastersritgerð sína sem fjallar um almenninggarða á Íslandi.
- Ásta Camilla kynnir bók sína um um skróðgarðinn á Akureyri.
- Einar Sæmundsen og Samson B. Harðar fjalla um garðsögu Íslands.
- Helena Guttormsdóttir og Sindri kynna nýsköpunarsjóðsverkefnið „*Ströndin og skógurinn: Útivistarnotkun og sóknarfæri*“
- Oddur Hermannsson fjallar um þá þætti er varða landslagsarkitekta í nýrri byggingareglugerð.



Tillaga garðsöguhóps til stjórnar FÍLA á aðalfund 19.04.2013

Garðsöguhópur FÍLA óskar eftir stuðningi og hvatningu frá stjórn FÍLA til að ráðast í sameiginlega útgáfa heildarrits um íslenska garða/landslagsarkitektúr. Efnistöð liggja fyrir og eru menn sammála að áhersla verði á þemakafla um efnið. Almenningsgarða, einkagarða, fjölbýlisgarðinn, leiksvæðið útivistarsvæði, félagslega aðstöðu, kirkjugarðinn o.s.frv. Sögulegt yfirlit yrði í stuttu máli til að tengja nútíð og fortíð og innlend áhrif og erlend áhrif. Hugsað verði fyrir hverja er verið að skrifa – útgefendur vill að bók höfði til almennrar sölu.

Tillaga hópsins er að settur verður saman ritstjórnarhópur til undirbúnings útgáfu. Hópurinn verði skipaður sérfræðingum um efnið, m.a. landslagsarkitektum, sagnfræðingi og sérfræðingi í ritstýringu. Fyrstu skref verði kanna hagkvæmar leiðir til útgáfu s.s. hvort eða hvenær væri skynsamlegt að ráða ritstjóra og útgefanda. Sækja um styrki hjá líklegum aðilum saman bæði héraendis og erlendis.

Hópurinn telur mikilvægt að nýta sér væntanlega athygli sem t.d. verðlaun Calo Scrapa fyrir Skrúð vekja auk vaxandi almenns áhuga.

